



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Hatursglæpir og haturstjáning í íslensku samfélagi

Hver er birtingarmynd hatursglæpa á Íslandi?

Bryndís Jónsdóttir

**Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2020**

Hatursglæpir og haturstjáning í íslensku samfélagi

Hver er birtingarmynd hatursglæpa á Íslandi?

Bryndís Jónsdóttir

12 eininga lokaverkefni í lögreglu-og löggæslufræði
sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum

Leiðbeinandi
Eyrún Eypórsdóttir

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2020

Titill: Hatursglæpir og haturstjáning í íslensku samfélagi. Hver er birtingarmynd hatursglæpa á Íslandi.

Stuttur titill: Hatursglæpir og haturstjáning á Íslandi.

12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2020 Bryndís Jónsdóttir

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Bryndís Jónsdóttir, 2020, bakkalárprófsverkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 45 bls.

Akureyri, maí, 2020

Ágrip

Hatursglæpir eiga sér stað á Íslandi líkt og annars staðar í heiminum. Umfjöllun í fjölmiðlum hefur aukist og orðræða öfgaafra gegn minnihlutahópum hefur styrkst. Fjölmennung og fjölbreytileiki hefur aukist til muna á landinu síðustu ár. Það hefur í för með sér breytingar og fólk finnur sig í nýju landslagi. Þetta kallar á virka þátttöku samfélagsins og ekki síst löggjafa og löggæslu. Þessi ritgerð reynir að svara því hvernig hatursglæpir birtast í íslensku samfélagi. Farið er yfir sögu hatursglæpa og haturstjáníngar, skilgreiningar í lögum og félagsfræðilegar skilgreiningar. Safnað var saman gögnum frá ríkislögreglustjóra og lögregluembættum landsins til þess að sjá tíðni og hvernig skráningum er háttað varðandi þessa glæpi. Haft var samband við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu varðandi menntun lögreglu í þessum málaflokki. Niðurstöður leiddu í ljós að skráningum hatursglæpa var ábótavant og gáfu líklega ekki rétta mynd af tíðni þessara glæpa. Jákvætt var að lögregla hefur tekið upp vinnubrögð Öryggisstofnunar Evrópuráðs við skráningar og í nýjustu löggæsluáætlun dómsmálaráðuneytisins er gert ráð fyrir mati á menntunarþörf í þessum málaflokki. Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu hefur í hyggju samráð með embættum landsins og undirbýr hatursglæpanámskeið strax á næsta ári.

Lykilhugtök: Hatursglæpir, haturstjáníng, lögregla, Ísland.

Abstract

Hate crime takes place in Iceland just as it does in other parts of the world. News coverage on hate crime has increased and the strength of extreme groups has risen. Multiculture and diversity have grown in the last decade in Iceland. This calls for a change and people find themselves in a different landscape. There is a need for active participation amongst the community and Legislators and the Police, to say the least. This thesis seeks to show how hate crime appears in the Icelandic community. The history of hate crime and hate speech is looked into, also the definition of the law and sociology of hate crimes. Data was accumulated from the National Police Commissioner and the Center for Police Training and Professional Development and also from every Police Authority around the country to see how registration regarding hate crime is carried out. Our findings were that registrations were not sufficient enough. The findings did not give an accurate picture and were too vague to use. On the bright side can I mention that the Police has since 2018 adopted the reporting system which is used by Organization for Security and Co-operation in Europe (OSCE) and in the policing project from the Ministry of Justice is the need for police education in this area of crime admitted. The Center for Police Training and Professional Development will launch a project regarding hate crime in January 2021 with Chief of Police from all Authority around Iceland.

Keywords: Hate crime, hate speech, police, Iceland.

Þakkarorð.

Ég vil þakka Eyrúnu Eyþórsdóttur leiðbeinanda mínum fyrir framúrskarandi starf og góðar ráðleggingar. Einnig þakka ég henni fyrir þolinmæðina og stuðninginn við vinnuna sem liggur að baki þessari ritgerð.

Ég þakka Guðna Kolbeinssyni fyrir að lesa yfir verkefnið og gefa góð ráð.

Brynjari Steini Jónssyni bróður mínum þakka ég fyrir tæknilega aðstoð.

Að síðustu vil ég þakka fjölskyldu minni og vinum fyrir alla þolinmæðina og áhugann sem þau hafa sýnt mér og námi mínu.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	1
2	SÖGULEGT BAKSVIÐ	4
3	SKILGREININGAR HATURSGLÆPA OG HATURSTJÁNINGAR	7
3.1	LAGALEGAR SKILGREININGAR.....	7
3.2	FÉLAGSLEGAR SKILGREININGAR.....	13
4	HATURSGLÆPIR Á ÍSLANDI	17
5	RANNSÓKNARAÐFERÐ OG NIÐURSTÖÐUR	21
5.1	RANNSÓKNARAÐFERÐ.....	21
5.2	NIÐURSTÖÐUR.....	21
5.3	ÁSETNINGUR MÁLA.....	24
5.4	VIÐHORF INNAN EMBÆTTA.....	25
5.5	ÞEKING LÖGREGLUMANNA Á HATURSGLÆPUM.....	25
5.6	MENNTUN OG FRÆÐSLA LÖGREGLUMANNA UM HATURSGLÆPI.....	26
6	LOKAORÐ	28
	HEIMILDASKRÁ	30
	DÓMAR	34
	VIÐAUKAR	35

Töfluyfirlit

Tafla 1. Hatursorðræða	22
Tafla 2. Hugsanlegir hatursglæpir.....	23
Tafla 3. Fjöldi brota, eðli ásetnings.....	24

1 Inngangur

Hér á landi hefur fjölmening og fjölbreytileiki samfélagsins breyst mikið á stuttum tíma. Innflytjendum hefur fjölgað, einnig farandverkamönnum og ferðamönnum sem fara um landið í miklu meira mæli en áður. Heimurinn er að breytast og margt að kljást við eins og loftlagsáhrif og fólksflóttu. Flóttamannastraumurinn sem nú flæðir yfir heiminn hefur ekki verið svona mikill síðan í fyrri heimstyrjöldinni. Þetta hefur leitt til breytinga á lífi fólks sem er að upplifa höft eins og strangari landamæragæslu. Umfjöllun um fólk sem leitar alþjóðlegrar verndar hefur fangað athygli almennings. Hryðjuverkaárásir íslamska ríkisins í Evrópu síðustu ár hafa einnig haft mikil áhrif á líf fólks á Vesturlöndum. Allt hefur þetta áhrif þó að þessir atburðir tengist ekki beint. En þessar aðstæður hafa ýtt undir hægri öfgaöfl og popúlisma í stjórnámálum heimsins (Zunes, S., 2017). Þjóðernishyggju og popúlisma gætir einnig á Íslandi eins og annars staðar í heiminum. Popúlismi elur á ótta við hið óþekkta og býr til mun á milli „*okkar og hinna*“. Samkvæmt Eiríki Bergmann (2017) eru þessar breytingarnar ekki eins afgerandi hér og annars staðar er það líklega vegna þess að þjóðernishyggja er mun viðurkenndari hér á landi en í öðrum ríkjum Evrópu. Má líklega rekja það til sjálfstæðisbaráttu Íslendinga að þjóðernishyggja hafi dafnað hér á landi. Rannsóknir sýna að þar sem popúlismi þrífst þá er minnihlutahópum ýtt lengra út á jaðarinn (Entwicklungspolitik, D. I. f., 2019; Pappas, Mendez, og Herrick, 2009). Fjölgun hatursglæpa er staðreynd í heiminum en það sýnir tölfræði beggja vegna við Atlandshafið (FBI hate crime statistics, 2018; UK Home office hate crime, 2019). Í Bandaríkjunum hefur verið mikil aukning og talið er að það komi ekki nærri allir glæpir inn á borð lögreglu. Það er líklega vegna þess að skráningum á hatursglæpum er mjög ábótavant. Í

Bretlandi hafa hatursglæpir aukist um helming frá því 2016. Hvert sem litið er, er gríðarleg aukning á hatursorðræðu og hatursglæpum sem beinast mest að kynþætti fólks en síðan að gyðingum, múslimum og hinsegin fólki. Í Bandaríkjunum hafa glæpir gegn gyðingum aukist um 40% frá 2017 (ECRI, 2020; Adeel Hassan, 2019; UK Home Office, 2019; Jorquera, 2020; Chiwaya, N. 2020). Mannréttinda og lýðræðisskrifstofa ÖSE (ODIHR) hefur til að mynda nýlega lagt áherslu á að aðgerðir yfirvalda gegn hatursglæpum gegn gyðingum og múslimum verði efldar til muna (OSCE, 2019).

Samkvæmt þessum upplýsingum er ekki hægt að útiloka aukningu á hatursglæpum hér á landi. Í þessari ritgerð verður birtingarmynd hatursglæpa á Íslandi skoðuð m.a. með upplýsingum frá lögreglunni. Varpað verður ljósi á þau lög sem ná yfir glæpina og félagslegar skýringar rýndar. Skoðað verður hvernig lögregla verður vör við hatursglæpi í sínu starfi. Umræða um hatursglæpi í fjölmiðlum hefur aukist síðustu ár hér á landi. „Hatursglæpir staðreynd á Íslandi“, „líkamsárás í Árbæ hugsanlega hatursglæpur“, „hrópaði á konurnar að þær ættu ekki heima á Íslandi“, „íslenskur strákur segir asíska konu vera kórónuveiruna“, fyrirsagnir eins og þessar verða æ algengari í fjölmiðlum og ýta undir grun um aukningu (Bjartmar Oddur, 2019; Gunnar Egill Daníelsson, 2019; Ritstjórn 2019; Stundin, 2020).

Hér á eftir ætla ég að reyna að gera grein fyrir hatursglæpum og hatursorðræðu. Skilgreina þessi hugtök, skoða hvernig þau koma fyrir í lögum og með hvaða hætti þau eru skilgreind félagslega. Einnig hver áhrif hatursglæpa eru á einstaklinga og samfélög. Fyrst fer ég yfir sögulega þróun, því glæpirnir hafa verið til um aldir, þótt hugtökin sjálf séu frekar nýleg. Það hefur verið vakning á mikilvægi skráningar hatursglæpa fyrir tilstilli Öryggis og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) og eftirlitsnefnd gegn kynþáttafordómum, Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi (ECRI) auk þess er boðið er upp á þjálfun fyrir löggjafa og löggæslu til þess að þekkja þessa glæpi. Ætlunin er að taka saman hvað hefur verið gert hér

varðandi menntun og hvernig skráningu hatursglæpa hjá lögreglu er háttað. Með þessu er reynt að sjá hvert umfang þessa glæpa er hér á landi.

2 Sögulegt baksvið

Hugtakið hatursglæpur er tiltölulega nýtt sögulega séð, þótt hatursglæpir hafi verið til frá örófi alda. Hugtakið varð til í Bandaríkjunum um og upp úr 1980. Það var fyrst notað af blaðamönnum og löggjafanum þar sem vantaði regnhlífarhugtak yfir glæpi sem byggðust á fordómum gegn kynþætti, trú eða þjóðerni (Naidoo, 2016). Kynþáttahyggja er talin hafa orðið til á 19. öld með tilkomu hugtaksins kynþáttur en rannsóknir heimspekinga, fornfræðinga og miðaldafræðinga sýna að kynþáttahyggja á sér hugmyndasögulegar rætur aftur í fornöld og kallast þá frumkynþáttahyggja. Á 12. öld var fólk jaðarsett af fræðimönnum Evrópu með ummælum eins og að svart fólk frá Afríku og fölt fólk í norðri væri í eðli sínu verra fólk en það fólk sem byggi við mildara loftslag. Þessi flokkun eftir útlitseinkennum og innræti voru dregin fram til þess að myndgera félagslegan og siðferðislegan mun á „*okkur og hinum*“. Niðurstaðan er sú sama, hvort sem horft er á kynþáttahyggju eða frumkynþáttahyggju, hópar fólks sem tilheyra ekki „réttu“ menningarlega menginu eru afmennskaðir á félagslegum, útlitslegum og erfðalegum grunni (Arngrímur Vídalín, 2017). Með afmennskun er fólki líkt við dýr eða sníkjudýr. Það gengur í raun lengra en að hlutgera fólk. Það er stór munur þar á, því að afmennskun fylgir stríðsátökum, þar sem hún er liður í því að koma fólki yfir líffræðilegar hömlur varðandi dráp á annarri manneskju (Smith, 2011). Afleiðingar nýlendustefna Evrópubúa voru meðal annars dráp á fólki og þrælahald frumbyggja og Afríkubúa sem þeir líktu við apa og villimenn. Gyðingum var líkt við meindýr í seinni heimstyrjöldinni. Glæpimir gegn þeim náðu hæstum hæðum þegar nasistar útrýmdu rúmlega 6.000.000 gyðinga og fleirum úr öðrum minnihlutahópum (Costello, K., Hodson, G., 2010; Gísli Gunnarsson, 2000).

Það er ekki fyrr en eftir heimstyrjöldina síðari, þegar lönd Evrópu voru í sárum, að alþjóðasamfélagið tekur höndum saman þvert á landamæri og með áherslu á að samskipti ríkjanna byggist á alþjóðalögum. Nýtt ríkjakerfi var reist með alþjóðalögum og með

skuldbindandi þátttöku. Til verða stofnanir eins og Alþjóðaviðskiptastofnunin, Atlantshafsbandalagið, Evrópuráð, Evrópusambandið og Sameinuðu þjóðirnar (Eiríkur Bergmann, 2017).

Sáttmáli hinna Sameinuðu þjóða er fyrsti vísir að viðurkenningu á þessum glæpum og alvarleika þeirra. Afleiðing þess að láta hatursglæpi og hatursorðræðu afskipta var augljós. Sáttmáli hinna Sameinuðu þjóða var undirritaður í San Fransisco 26. júní 1945 og tók gildi þann 24. október sama ár. Segir meðal annars í 3. mgr. 1. gr. að þjóðirnar vilji stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsisréttindum allra án tillits til kynþáttar, kyns, tungu eða trúarbragða (Sáttmáli hinna Sameinuðu þjóða, 1945). Nokkru síðar var undirrituð Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna þann 10. desember 1948.

Þar segir í 2. grein yfirlýsingarinnar:

Allir eiga kröfu á réttindum þeim og því frelsi, sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari, og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnsmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna. Eigi má heldur gera greinarmun á mönnum fyrir sakir stjórnskipulags lands þeirra eða landsvæðis, þjóðréttarstöðu þess eða lögsögu yfir því, hvort sem landið er sjálfstætt ríki, umráðasvæði, sjálfstjórnarlaust eða á annan hátt háð takmörkunum á fullveldi sínu (Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, 1948).

Þar sem Ísland er hluti af þessum samþykktum og sáttmálum hefur það skyldur gagnvart þessum skuldbindingum.

Evrópuráðið var stofnað 1949, Ísland gerist aðildarríki þann 7. mars 1950. Því er ætlað að standa vörð um mannréttindi, efla mannleg gildi og lífsgæði, auk þess að styrkja lýðræðislega stjórnarhætti í Evrópu. Evrópuráðið hefur staðið að gerð allt að 200 alþjóðasamninga sem eiga að styrkja hugsjónir um mannréttindi og lýðræði. Mannréttindadómstóll Evrópu starfar á vegum aðildarlandanna, sem eru 47 talsins, á grundvelli Mannréttindasáttmála Evrópu.

Sáttmálinn hefur lagagildi á Íslandi auk allra samningsviðauka (Lög um Mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994). Dómstóllinn á að standa vörð um mannréttindi Evrópubúa. Til dómstólsins geta bæði ríki og einstaklingar leitað ef þau telja að aðildarríki hafi brotið ákvæði samningsins (European Convention, 1950). Þessar yfirlýsingar sýna vel að það var verið að taka þessi mál föstum tókum enda hörmungar stríðsins í fersku minni á þessum tíma.

Ráðherranefnd Evrópuráðs kom saman 1997 til þess að leggja áherslu á alvarleika hatursorðræðu og alls haturs sem byggðist á fordómum. Á þessum fundi var settur saman viðauki við það sem hafði verið rætt í Vínarborg 1993 og Prag 1994. Þar voru ítrekuð áhrif fjölmiðla og að ekki væri ýtt undir hatur og hatursorðræðu í umfjöllun um minnihlutahópa. Áhersla var lögð á að ríkin beri ábyrgð á því efni sem fer til fjölmiðla frá þeim. Það þurfi að skoða efnið út frá hatursorðræðu og sjá til þess að ekki sé misskilningur vegna fáfræði eða þekkingarleysis (Evrópuráð, 1997).

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) og Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofa ÖSE (ODIHR), veita stuðning, aðstoð og sérfræðiþekkingu til þátttökuríkja og borgaralegs samfélags til að efla; lýðræði, réttarríki, mannréttindi, umburðarlyndi og jafnræði. ODIHR skrifstofan gerir áætlanir um þjálfun fyrir stjórnvöld, löggæslumenn og félagasamtök, um hvernig eigi að halda uppi, efla og hafa eftirlit með mannréttindum (ODIHR, 2018). ÖSE hefur lagt sig fram í baráttunni við hatursglæpi með því að halda námskeið og dreifa fræðsluefni til aðildarlanda Evrópuráðsins.

Á þjóðþingi aðildarríkja ÖSE 2018 voru löndin hvött til þess að nota siðareglur sínar til að sporna við hatursorðræðu og fá ODIHR til að vera álitsgjafi varðandi ný lög sem ættu að vera í samræmi við Helsinki-lokagerðina frá 1975 en þar skuldbundu ríkin sig til þess að bæta samstarf, virða landamæri og tryggja mannréttindi íbúa sinna (Þingskjal nr. 858, 2018).

3 Skilgreiningar hatursglæpa og haturstjáningar

3.1 Lagalegar skilgreiningar

Alþjóðlega viðurkennd skilgreining á hatursglæpum virðist ekki vera til enn sem komið er, þannig að ríki hafa á svæðisbundnum vettvangi, gert margar tilraunir til þess að skilgreina hugtakið sjálft. Misjafnt er til dæmis hvort haturstjáning felist í hugtakinu hatursglæpur eður ei. Bandaríkin telja að tjáningu megi aldrei hefta á meðan Evrópuþjóðir eru frekar tilbúnar til að hefta hana. Það er nokkur munur á milli ríkja á skilgreiningu brotanna.

Í leiðbeiningabæklingi um lög varðandi hatursglæpi frá Öryggis og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) er bent á að það þurfi að koma á samræmdum lögum um hatursglæpi í aðildarríkjunum og öðrum ríkjum. Þeir benda á að margir alþjóðlegir samningar innihalda greinar gegn mismunun, einn þeirra er Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis frá árinu 1968.

Fjórða grein þess sáttmála er eftirfarandi:

„Aðildarríki fordæma allan áróður og öll samtök sem byggja á hugmyndum eða kenningum um yfirburði eins kynþáttar eða hóps manna af ákveðnum litarhætti eða þjóðlegum uppruna, eða sem reyna að réttlæta eða hvetja til kynþáttahaturs og misréttis í hvers konar mynd, og skuldbinda sig til að gera skjótar og jákvæðar ráðstafanir til þess að uppræta alla hvatningu til eða aðgerðir vegna slíks misréttis með tilliti til meginreglna mannréttindayfirlýsingarinnar og réttindanna sem eru talin í 5. gr. þessa samnings, meðal annars að:

- (a) Gera refsiverða með lögum alla útbreiðslu á hugmyndum sem eru byggðar á kynþáttayfirburðum eða óvild, hvatningu til kynþáttamisréttis svo og öll ofbeldisverk eða hvatningu til slíkra verka

gegn hvaða kynþætti sem er eða hópi manna af öðrum litarhætti eða þjóðlegum uppruna og einnig allar ráðstafanir til aðstoðar aðgerðum kynþáttahatara, þar með talda fjármögnun.

(b) Lýsa ólögleg og banna samtök og einnig skipulagða og alla aðra áróðursstarfsemi sem stuðlar að og hvetur til kynþáttamisréttis og skal gera þátttöku í slíkum samtökum eða starfsemi refsiverða með lögum.

(c) Banna stjórnvöldum og opinberum stofnunum að stuðla að og hvetja til kynþáttamisréttis“ (Alþingi, 1968).

Evrópusambandið hefur frá árinu 2008 unnið að því að samræma hatursglæpalög í aðildarlöndum sínum með því að fá löndin til þess að breyta eða aðlaga lög og refsingar svo að þær verði með svipuðum hætti. Sú skilgreining sem ÖSE leggur til er að hatursglæpur sé verknaður sem brýtur í bága við hegningarlög og byggist á neikvæðum viðhorfum geranda til þess sem brotþólinn er (OSCE, 2014). Það er að segja að hatursglæpur beinist að því hvað viðkomandi er en ekki hver hann er. Í lögum er svo tekið fram hvaða einkenni fólks eru sérstaklega vernduð. Á Íslandi eru það, samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 90 frá 1944, þjóðerni, litarháttur, kynþáttur, trúarbrögð, kynhneigð eða kynvitund sem eru sérstaklega vernduð. Víða erlendis liggur refsipýnging við hatursglæpum og hefur ECRI meðal annars gagnrýnt íslensk stjórnvöld fyrir að hafa ekki sett slíkt í íslensk lög (ECRI, 2017). ÖSE bæklingurinn fjallar einungis um hatursglæpi því það er langt í land með að samhæfa þessa löggjöf aðildalandanna. Flest aðildarlöndin hafa nú þegar lög um hatursorðræðu eða einhverjar takmarkanir á orðræðu. Þau lög hafa ekki verið samræmd þótt ECRI bendi ítrekað á að þess þurfi. Þau telja að það sem afri þessu sé sú gagnrýni að þessar takmarkanir hefti tjáningarfrelsi og það sé verið að refsa fólki fyrir að hafa skoðanir (ÖSE, 2009).

Fjórða grein Alþjóðasamningsins um afnám alls kynþáttamisréttis hér að ofan er undanfari greinar 233 a í íslenskum hegningarlögum nr. 19/1940 en hún var sett inn í lögin þegar samningurinn var undirritaður og fullgildur með lögum nr. 96/1973.

Þessi lagagrein hefur verið notuð í baráttunni við hatursorðræðu og hljómar hún svona:

„Hver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum“.

(Almenn hegningarlög nr. 19/1940).

Lagagrein 233 a í íslensku hegningarlögunum nær strangt til tekið aðeins til haturstjáningar. Misjafnt er milli landa hvar áherslan liggur. Í tilmælum ráðherraráðs Evrópuráðsins er að finna nokkurs konar skilgreiningu á hatursorðræðu sem er á þessa leið:

„Öll tjáning sem dreifir, hvetur til, stuðlar að eða réttlætir kynþáttahatur, útlendingahatur, gyðingahatur eða annars konar hatur sem byggir á umburðarleysi, þar á meðal umburðarleysi sem er tjáð með herskárri/óvæginni þjóðræknistefnu/þjóðernishyggju eða þjóðhverfum sjónarmiðum, mismunun og fjandskap gegn minnihlutahópum, farandverkafólki og fólki af erlendum uppruna“ (Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, Iuliana Kalenikova, 2013).

Fimmta eftirlitsskýrsla ECRI bendir á að á Íslandi sé vöntun þess að þvingja refsingar fyrir hatursglæpi. Í formála skýrslunnar segir orðrétt:

„Í skýrslu fimmtu eftirlitslotu er áhersla lögð á fjögur atriði sem öll aðildarríkin eiga sammerkt: (1) löggjafarmál, (2) hatursorðræðu, (3) ofbeldi, (4) aðlögunarstefnur og ýmis málefni sem tengjast sérhverjum

þessara þátta. Fylgt verður eftir sérstökum tillögum um framkvæmdir í kjölfar fjórðu eftirlitslotu sem enn eru ófrágengnar eða hafa ekki komið til framkvæmda“.

Nefndin hefur áhyggjur af því að hatursglæpir séu ekki skráðir hér á landi sem skyldi. Bent er á að ofbeldisbrot sem skráð eru samkvæmt 217. eða 218. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eru ekki tilgreind sem hatursglæpir þó það eigi við. Sjötugasta grein, áttunda kafla, almennra hegningarlaga tekur til þeirra þátta sem ákvarða þyngd refsingar. Þessi grein laganna er einnig tekin til skoðunar í skýrslunni. Þar segir að það vanti upplýsingar um beitingu 70. greinar hegningarlaganna, til dæmis í tengslum við mögulega hatursglæpi. Ekki sé hægt að sjá hvað hefur áhrif á þyngd refsinga, einnig vanti að hvatir sakbornings séu skráðar og það getur verið ástæða fyrir tregðu fórnarlamba til þess að kæra atvik, því það eru engin fordæmi þess konar skráninga (ECRI, 2017). Í framhaldi af þessu er einnig mælt til þess að 233. grein a, almennra hegningarlaga verði breytt og bætt með því að bæta við tilvísunum í tungumál og þjóðerni og að hún nái yfir brot sem vísa til; kynþáttar, hörundslitar, tungumáls, trúar, ríkisfangs og hvatningar til ofbeldis, haturs eða mismununar, opinberra meiðyrða og opinberra yfirlýsinga í krafti hugmyndafræði sem gerir tilkall til yfirburða ákveðinna hópa í samfélaginu. Á Íslandi líkt og á hinum Norðurlöndunum er haturstjáning, sbr. grein nr. 233 a alm. hgl. skilgreind sem hatursglæpur (Eyrún Eyþórsdóttir, Kristín Loftsdóttir, 2019). Þrátt fyrir tilmæli ECRI hefur verið sett fram af fyrrverandi dómsmálaráðherra, Sigríði Andersen, stjórnarfrumvarp um að þrengja viðkomandi ákvæði (Brynjólfur Þór Guðmundsson, 2019) því að það hefti tjáningarfrelsi og með þessu geti Ísland skapað sér afgerandi lagalega sérstöðu um vemd tjáningar- og upplýsingarfrelsis eins og segir í bréfi frá Siðfræðideild Háskóla Ísland til stuðnings frumvarpinu. Þeir geta þess einnig innan sviga, að réttarvernd jaðarhópa verði að sama skapi minni vegna þrengingar gildissviðsins. Blaðamannfélag Íslands tekur vel í þessar

breytingar og Útvarp Saga gengur lengra og segir Arnþrúður Karlsdóttir útvarpsstjóri í umsögn sinni til Alþingis:

„Það er því eindregin áskorun Útvarp Sögu að Alþingi beiti sér fyrir því að umrædd ákvæði 233.gr. a, alm. hgl. nr. 19/1940 verði afnumin til þess að koma í veg fyrir misnotkun valdhafa á valdi sínu en þrenging á ákvæðinu eins og fram kemur í fyrirbyggjandi frumvarpi er til bóta“ (Þingskjal nr. 543, 2019).

Hatursorðræða er talin vera undanfari ofbeldis. Umræðan skaðar þá sem fyrir henni verða, skapar sundrung í samfélaginu og grefur undan lýðræði en ekkert tillit er tekið til þess í þessu frumvarpi (Jón Þór Kristjánsson, 2019). Þetta frumvarp gengur þvert á það sem verið er að tala um í skýrslunni frá ECRI og það vekur athygli. Fjöldi hópa og samtaka mótmæla þessu frumvarpi eins og BSRB, Amnesty International og Samtökin 78. Lögreglustjórinn á Höfuðborgarsvæðinu mótmælti þessum breytingum einnig, var það hans mat að dómara ættu að dæma grófleika ummæla án þess að löggjafinn setti dómstólum of þröngar skorður. Með þessu væri verið að veita að þeirri vernd sem umrætt ákvæði ætti að veita minnihlutahópum. Í frumvarpi dómsmálaráðherra er hluti röksemda fyrir breytingunni sú að ákvæðið hafi verið sett í lög 1973 vegna áður nefnds samnings Sameinuðu þjóðanna og var sambærilegum ákvæðum bætt inn í dönsk og norsk lög á sama tíma, en að þau séu þrengri. Lögreglustjórinn tekur fram í erindi sínu að mat hans sé, að lögin séu sambærileg, nema að því leyti að stórkostlegt gáleysi geti verið refsivert samkvæmt 1. mgr. 185. gr. norsku hegningarlagna en hér á landi þurfi alltaf að sýna fram á ásetning við beitingu gr. 233 a. Einnig benti hann á að í norska ákvæðinu og einnig því danska 2. mgr. 266. gr. b. dönsku hegningarlagna er það til refsipýngingar ef háttsemin hefur einkenni áróðurs. Mælti lögreglustjóri með því að bæta við refsipýngingu fremur en að þrengja ákvæðið (Þingskjal, nr. 543, 2019). Þessi röksemdarfærsla

styður við tillögur ECRI um að bæta refsipýngingu við ákvæðið í íslenskum hegningarlögum varðandi hatursglæpi.

Hjá ECRI er reynt að sýna fram á mikilvægi þess að koma í veg fyrir hatursumræðu. Hatursorðræða (e. hate speech) er mjög flókið félagslegt fyrirbæri. Þótt það sé ekki nýtt af nálinni, þá var það ekki viðurkennt af alþjóðasamfélaginu fyrr en eftir heimsstyrjöldina síðari. Í kjölfar hennar voru gerðir alþjóðasamningar um grunnréttindi fólks til þess að hindra mismunun vegna kynþáttar, litarhafts, þjóðernis, kyns, tungumáls, trúar eða stéttar (Alaburic, 2018). Í framhaldi af þessari umræðu er vert að ræða það sem veldur því að ekki er komin á reglugerð eða lög um hatursorðræðu. Það sem veldur þessu er sú umræða að með því að setja lög og banna vissa umfjöllun eða umræðu, sé verið að veða að tjáningarfrelsi og það rýri lýðræði. Mikið hefur verið rætt fram og til baka um þessi mál en þegar allt kemur til alls þá snýst þetta um beinan undirróður og undirskipun minnihluta hópa í orðræðu sem hatursumræðan tengist og það hefur í raun ekkert með tjáningarfrelsi að gera. Umræðan hefur einnig snúist um hvort beita eigi hegningarlögum og/eða hvort sektir gætu komið til greina að hluta. Rökin eru þau að flókið þykir að greina á milli þess þegar umræðunni er ætlað að hafa viss áhrif það er að vera talfólgin (e. illocutionary) en það eru athafnir sem maður framkvæmir um leið og maður segist ætla að framkvæma þær eða hvort um er að ræða talvaldandi athöfn (e. perlocutionary) en það er þegar maður segir eitthvað sem hefur tiltekin áhrif á þann sem hlustar (Rosa, 2019; Stofnun Árna Magnússonar, e.d.).

Ísland er hluti af Evrópuráði og því fylgir það reglum þess og skilar skýrslum til ECRI sem fer yfir gögnin og gefur ráð um hvað betur mætti fara og hvað hefur verið bætt. Eftirlitsnefnd ÖSE fer milli aðildarríkja, sem eru 47 talsins, á 5 ára fresti og gefur út skýrslur um viðkomandi land. Eins og áður hefur komið fram kom út skýrsla um Ísland 2016, frá fimmtu eftirlitslotu ÖSE sem var birt í febrúar 2017. Í ágrípi þessarar skýrslu er verið að fara yfir það sem rætt var í fyrri skýrslunni þ.e. hvað hafði tekist vel og hvað ekki. Því er fagnað að framfarir hafi orðið frá

fjórðu skýrslunni og þar er nefnt meðal annars að ráðinn hafi verið lögreglumaður í nýja stöðu til rannsóknar á hatursglæpum á Reykjavíkursvæðinu. Einnig er ánægja með að settur hafi verið upp gagnagrunnur til að fylgjast með hatursorðræðu á netinu (ECRI, 2017).

3.2 Félagslegar skilgreiningar

Hatursglæpir eru þekkt stærð meðal afbrotfræðinga og annarra fræðimanna í tengdum greinum eins og félagsfræði, sálfræði, lögfræði, réttarfélagsfræði og hjá opinberum stofnunum. Síðustu áratugi hafa fjölmargar rannsóknir verið gerðar til þess að komast að orsökum og afleiðingum hatursglæpa (sjá t.d. Chakraborti, N., og Garland, J., 2015; Gerstenfeld, P., 2018; Perry, B., 2015). Hatursglæpir eru eins konar regnhlífahugtak yfir glæpi sem byggjast á umburðarleysi og fordómum þar sem reynt er að vekja athygli á sameiginlegri reynslu brotþola sem tilheyra minnihlutahópum. Hatursglæpir koma öllum við en þýða mismunandi hluti fyrir mismundi hópa. Hjá almenningi fær hann bókstaflega merkingu þegar fjölmiðlar fjalla um dómsmál eða ofbeldismál í fréttum og hjá fræðimönnum er horft á þetta í félagslegu samhengi en þeir sem eiga hlut að máli sjá þetta á enn annan hátt sem er oft ekki eins flókinn og sýn fræðimanna (Chakraborti, N., 2012; Chakraborti N., Garland, J., 2012).

Eftir seinni heimsstyrjöldina var ekki talað um hatursglæpi beinum orðum, því hugtakið sjálft „hatursglæpur“ var ekki komið fram á sjónarsviðið. Það gerist ekki fyrr en um og upp úr 1980, þá fyrst er farið að skilgreina þessa tegund ofbeldisglæpa frá öðrum ofbeldisglæpum. Félagsfræðilegar rannsóknir sköpuðu gögn sem leiddu til þess að hatursglæpir voru skoðaðir út frá brotþola. Hugtakið er það nýtt í fræðunum að það er ekki enn búið að sammælast um skilgreiningu þess (Hall, N., Corb A., Giannasi, P., Grieve, J.G.D., 2018). Það sem felst í því að reyna að skilgreina glæpinn, er að bera kennsl á glæpi sem eru framdir vegna fordóma gegn einstaklingi eða gegn hópi sem hann tilheyrir. Fordómarnir geta verið vegna kynþáttar eða

trúarbragða. Fyrstu rannsóknir fræðimanna á hatursglæpum lögðu mesta áherslu á að skilgreina glæpinn og viðbrögð réttarkerfisins við þeim. Síðan þá hafa rannsóknir á þessum glæpum aukist til muna, einnig á gerendum og þolendum. Á þessu fræðasviði er stundum bent á að með réttu ættu þessir glæpir að kallast fordómaglæpir (e. *bias crime*) frekar en hatursglæpir (e. *hate crime*) því það þykir ná betur utan um verknaðinn (Perry, B., 2015). Barbara Perry (2015) hefur verið talsmaður þess að talað sé um fordómaglæpi því að fólk hengi sig í of bókstaflega merkingu á orðinu hatur og hatursglæpur. Sömmuleiðis hefur ÖSE (2014) bent á að ekki þarf að vera til staðar hatur til að glæpur sé skilgreindur sem hatursglæpur.

Þó að fræðimenn sjái þetta hugtak sem samheiti fyrir; hleypidóma, óumburðarlyndi, þröngsýni, fordóma og ofstæki sem birtast í áreiti og árásum gegn kynþáttum, kynhneigð eða kyngervi. Þá eru aðrir sem snúa út úr og hafa ekki séð „ástarglæpi“ og enn aðrir segja að allir glæpir séu framdir af hatri eða afbrýðisemi. Því er mikilvægt að hugtakið nái utan um kjarna þess hugarástands sem knýr gerandann áfram, sem er í grunninn neikvæð viðhorf eða fordómar gegn þeim sem ráðist er að. Umræðan hefur snúist um að hatur sé tilfinning og ekki sé hægt að refsa fyrir að hata eitthvað en á móti kemur að hatur getur leitt til gjörða sem teljast glæpsamlegar. Í raun snýr þessi umræða að tungumálinu og hvað þessi orð þýða fyrir þá sem þau nota. Því verður að hafa í huga þá baráttu sem minnihlutahópar hafa þurft að heyja og því er mikilvægt að smætta ekki glæpi gegn þessum hópum með röngu orðavali (Perry, B., 2005).

Rannsóknir fræðimanna á hatursglæpum hafa leitt í ljós að þó glæpirnir beinist iðulega að einstaklingum hefur hann áhrif á heilu samfélögin. Áhrif brotanna eru mjög víðtæk og hafa mikil andleg áhrif á brotþola. Rannsóknir hafa enn fremur sýnt að brotþolar hatursglæpa kljást við mjög erfið kvíðaeinkenni sem fylgja sálrænum áföllum (Benier, K., 2017). Margir telja að þar sem hatursglæpur meiðir meira ætti að refsa harðar (Iganski, P., Lagou, S., 2018). Með því er átt við að afleiðingar hatursglæpa geta verið mjög miklar og langvarandi og því er tíðrætt um að glæpir sem framdir eru vegna fordóma eigi að fá harðari refsingu. Hatursglæpir hafa einnig

verið kallaðir skilaboðaglæpir því þeir senda skilaboð til alls samfélagsins sem viðkomandi brotþoli tilheyrir því það samfélag deilir sameiginlegum einkennum (Perry, B., 2003). Þetta leiðir til þess að brotþoli og aðrir aðilar samfélags hans upplifa varnarleysi, reiði og missa trúna á góðvild heimsins. Afleiðingar geta einnig haft áhrif á hegðun fólks í daglegu lífi. Fólkið er hrætt, kvíðið, reitt. Það á við svefnvandamál að stríða og margir þjást af þunglyndi. Þeir hópar sem hafa verið skoðaðir sérstaklega í rannsóknum á afleiðingum hatursglæpa eru; fatlaðir, kynþættir, trúarhópar, kynhneigð, transfólk, kyn, og aldur, af þeim verða fatlaðir og transfólk verst úti, hvað varðar andlega heilsu. Þessar rannsóknir hafa verið gerðar víðs vegar um heiminn og er sammerkt með þeim að hatursglæpir valda meiri og langvarandi skaða en aðrir glæpir (Mellgren, C., Andersson, M. og Ivert, A., 2017).

Það er flókið að ná utan um fjölda glæpa því aðeins brot af þeim er skráð eða tilkynnt til lögreglu. Svokallaðar „darkfigure“ eða dulin brot, eru tölur yfir afleiðingar brota sem ekki rata inn á borð lögreglu en þær tölur koma frá; sjúkrahúsum, heilsugæslum, tryggingarfélögum svo eitthvað sé nefnt. Rannsóknir síðustu ára hafa sýnt að fáir þeirra glæpa sem framdir eru vegna fordóma eru tilkynntir til lögreglu. Í Bretlandi er talið að undir 20% hatursglæpa séu tilkynntir til lögreglu (Giannasi, P., 2018). Þessar huldu tölur eða duldu brot skipta miklu máli til þess að geta gert sér grein fyrir heildarmyndinni. Oftar en ekki eru glæpirnir ekki tilkynntir til lögreglu, einfaldlega vegna þess að brotþolar tilkynna þá ekki og leita sér ekki hjálpar. Það getur verið vegna þess að samband við lögreglu byggist ekki á trausti um rétta og sanngjarna meðferð (Giannasi, P., 2018). Mikilvægt er að skrá alla glæpi niður til þess að geta fylgst með þróun þeirra og þróun fordóma í samfélaginu (Pezzella, F. S., Fetzer, M. D. og Matthew. D., 2015). Lögregla þarf að vera í stakk búin til þess að bera kennsl á þessa glæpi. Alvarleiki glæpa sem byggjast á hatri og fordómum hefur mjög miklar afleiðingar, ekki eingöngu fyrir brotþola sjálfan heldur einnig þann hóp sem hann tilheyrir. Þessar árásir eru djúpstæðar fyrir sálarlíf þess

sem í þeim lendir og dreifa ótta út í samfélagið (Dominguez, V.R., Metzner, 2017; Pezzella, F. S., Fetzer, M. D. og Keller, T. 2019).

4 Hatursglæpir á Íslandi

Í fjölmiðlum ber sífellt meira á hatursglæpum og nú síðastliðið ár er lögreglan á höfuðborgarsvæðinu farin að taka fram ef málin eru rannsökuð sem hatursglæpir. Á árunum 2016 til 2018 voru 50 hatursglæpir á borði lögreglu hér á landi (Kristín Ýr Gunnarsdóttir, 2019). Þó virðist sem skráningu hatursglæpa sé ábótavant héraendis og gæti það verið vegna skráningarkerfis lögreglunnar. Þetta er nýlegt viðfangsefni á Íslandi og því gæti skort þekkingu innan lögreglunnar á því, hvað gerir glæp að hatursglæp (Kristín Ýr Gunnarsdóttir, 2019). Til að mynda er ekki minnst á hatursglæpi í skýrslu um tölfræði glæpa, sem gefin var út nú í janúar 2020, af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, 2020). Samt sem áður birtast reglulega fréttir í fjölmiðlum af glæpum sem eru rannsakaðir sem hatursglæpir. Þessir glæpir eru bæði líkamsárásir og hatursorðræða, ásetningur vegna kynhneigðar, þjóðemis og trúarbragða (Dagbók lögreglunnar, 2019; Guðmundur Rúnar Guðmundsson, 2019; Ævar Örn Jóseppson, 2019).

Eins og áður hefur verið rætt er haturstjáning talin vera undanfari hatursglæpa. Hér á landi eru fordómafullir hópar sem hafa tjáð sínar skoðanir mjög frjállega á internetinu og erfitt að segja til um hverra þeir ná til. Í grein sem Eyrún Eyþórsdóttir og Kristín Loftsdóttir (2019) birtu í tímaritinu Stjórnmal og stjórnsýsla, greina þær hatursorðræðu á netinu. Þar lögðu þær áherslu á hvað það er mikilvægt að stjórnmalamenn og fjölmiðlar sýni fordæmi og líði ekki hatursumræðu. Það er einnig mikilvægt að fylgst sé með öfgahópum og þeirra uppákomum, lögregla þarf að vera í stakk búin að greina hatursglæpi eða undirbúning þeirra í orði og í verki. Norðurvígi, sem er hluti af norrænni nýnasista-hreyfingu, hélt til að mynda viðburð á Austurvelli fyrir stuttu síðan og í kjölfarið var dreift áróðri sem byggðist á hugmyndum um yfirburði hvíta mannsins (Freyr Rögnvaldsson, Jóhann Páll Jóhannsson, 2019). Í grein Vísis frá 2015 er rætt við Öldu Hrönn aðallögfræðing lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu varðandi

öfgahópa á Íslandi og segir hún kerfisbundna eftirfylgni ekki vera stundaða. En segir lögreglu fá ábendingar um slíka háttsemi og það sé skoðað í kjölfarið, en ekki markvisst. Til standi samt að breyta því, sem var gert með því að setja upp hatursglæpadeild (Kristjana Björg Guðbrandsdóttir, Ólöf Skaftadóttir, 2015). Sú deild er ekki lengur sjálfstæð eining en er hluti af annarri deild innan lögreglunnar.

Menntun lögreglu hefur breyst töluvert á síðustu árum við það að fara upp á háskólastig og er það hluti af þeim breytingum sem lögreglan stendur fyrir. Meðal annars er kennslan fólgin í því að geta borið kennsl á hatursglæpi og tjáningu. Í löggæsluáætlun frá Dómsmálaráðuneytinu fyrir árin 2019 til 2023 kemur fram krafa um að skilgreindar mennta- og þjálfunarkröfur til starfsmanna lögreglu miði að því að auka þekkingu þeirra á rannsóknum hatursglæpa (Dómsmálaráðuneytið, 2019).

ODIHR hefur skráð hatursglæpi aðildarlanda Evrópuráðs síðastliðin ár og lagt ríka áherslu á að aðildarlöndin nýti þau lög sem þau hafa í sínum lagabálkum gegn þessum glæpum. Skráningar eru mjög mikilvægar svo að þessi glæpur skili sér inn í réttarkerfið. Þau telja það mjög mikilvægt svo að það geti komið til refsipýngingar ef glæpurinn var framinn vegna fordóma viðkomandi gegn brotþola eða þeim hópi sem hann tilheyrir. Hjá ODIHR er hægt að skoða skráningar aðildarlandanna og einnig að hvaða hópi glæpirnir beinast. Haft var eftir Rannveigu Þórisdóttir sviðstjóra hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu að rannsóknir sýni að bæði þolendur og vitni hatursglæpa veigri sér við að tilkynna þá til lögreglu. Telur hún að lögreglan þurfi að bæta sig í að greina hatursglæpi og hafa frumkvæði að því að rannsaka þá. Hún segir vanskráningu á þessum glæpum staðreynd á Íslandi (Gunnar Egill Daníelsson, 2019; ODIHR, 2019).

Lögreglan þarf að gera sér grein fyrir vandanum, þekkja glæpin og skrá hann á viðeigandi hátt (Giannasi, P., 2018). Eins og áður hefur komið fram var sérstök hatursglæpadeild sett á fót árið 2016 hjá lögreglunni í Reykjavík. Þá varð mikil aukning í skráningu og rannsóknum

hatursglæpa en 29 mál voru tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2016 (Nadine Guðrún Yaghi, 2017). Þessi deild er ekki starfandi í dag sem slík, en hefur sameinast annari deild innan lögreglunnar, sem verður greint betur frá hér á eftir. Eftir sameiningu féll skráning niður en hefur nú verið tekin föstum tökum frá árinu 2018. Í dag vinnur lögreglan eftir skilgreiningu ÖSE/ODIHR á hatursglæpum, sem brotum gegn almennum hegningarlögum þar sem ásetningur brotsins ræðst að öllu leyti eða hluta til af fordómum geranda gagnvart brotþola (Guðrún Sesselja Baldursdóttir, munnleg heimild, 1. apríl, 2020).

Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofa Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ODIHR) og íslensk stjórnvöld gerðu með sér samkomulag síðla árs 2016, um þjálfun lögreglumanna og ákærenda hér á landi vegna hatursglæpa. Þessi þjálfun átti að vera fastur liður í símenntun og skipaður var samráðshópur til að fylgjast með innleiðingu námskeiðanna á vegum ODIHR og hvernig mætti laga þau að íslenskum aðstæðum (Dómsmálaráðuneytið, 2016). Háskólinn á Akureyri hefur séð til þess að námsefni varðandi hatursglæpi og minnihlutahópa er komið inn á námsskrá hjá lögreglunum. Með aukinni fræðslu og menntun lögreglu í að þekkja hatursglæpi gæti orðið aukning á skráningum og rannsóknum á þessum glæpum. Þá fyrst er hægt að fylgjast með þróun glæpanna og fordóma í samfélaginu.

Unnið er að því að samræma skráningar hatursglæpa í Evrópu að frumkvæði Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Enn er erfitt að segja til um hvort raunveruleg fjölgun hefur orðið á hatursglæpum hérlendis þar sem skráningum þessara mála hefur verið ábótavant þar til 2016 þegar sérstök deild tók til starfa og vann að þessum málum en var síðar lögð niður, sem fyrr segir. Frá árinu 2018 hafa hatursglæpa rannsóknir verið hluti af deild R-2 a, sem sér einnig um rannsóknir á alvarlegum ofbeldisbrotum, mannlátum, manndrápum og sér hún einnig um tengsl við minnihlutahópa (Margeir Sveinsson, munnleg heimild, 27. mars 2019).

Samkvæmt Ríkislögreglustjóraembættinu hafa skráningar hatursglæpa farið fram eftir skilgreiningu ÖSE og ODIHR sem brot á hegningarlögum þar sem ásetningur ræðst að öllu

leyti eða hluta af fordómum geranda gangvart brotaþola. Brotin eru skráð með venjubundnum hætti en einnig er skráð ef um hugsanlegan hatursglæp er að ræða og þá hvers eðlis ásetningurinn er. Þessi háttur hefur verið hafður á við skráningar frá árinu 2018 (Guðrún Sesselja Baldursdóttir, munnleg heimild, 30. Mars 2020). Til þess að skoða hvernig skráningum er háttað á Íslandi og hvort raunveruleg aukning hatursglæpa hafi átt sér stað hér á landi var leitað til lögregluembætta landsins og ríkislögreglustjóraembættisins eftir upplýsingum. Menntasetur lögreglu sendi okkur einnig gögn varðandi kennslu og framtíðaráform. Niðurstöður þeirra gagna og upplýsinga eru rædd í rannsóknarkafli hér á eftir.

5 Rannsóknaraðferð og niðurstöður

5.1 Rannsóknaraðferð

Rannsóknin byggist á gagnaöflun frá embætti ríkislögreglustjóra og öllum nú lögregluembættum landsins. Gagnaöflun fór þannig fram að sendur var spurningalisti til allra lögregluembættum landsins um hatursglæpi. Þessu til viðbótar var aflað tölfraði frá embætti ríkislögreglustjóra og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Fyrst var þess farið á leit við rannsókn- og þróunardeild ríkislögreglustjóra að fá tölur yfir hatursglæpi frá árunum 2015 til 2019. Einnig var spurst fyrir um hvernig skráningum er háttað. Spurningalistar voru sendir til embættanna til þess að komast að því hver þeirra upplifun og reynsla er varðandi þessa glæpi í þeirra umdæmum. Einnig var spurt um menntun starfsfólks varðandi þennan málaflokk. Sendur var ítrekunartölvupóstur á embætti sem ekki höfðu svarað 17 dögum eftir fyrstu sendingu. Haft var að lokum samband símleiðis við þau embætti sem höfðu enn ekki svarað. Að lokum fengust upplýsingar frá öllum lögregluembættum landsins. Jafnframt var haft samband við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar sem tilheyrir embætti ríkislögreglustjóra. Þar var sérstaklega spurt um menntun lögreglumanna í málaflokknum.

5.2 Niðurstöður

Í ljós kom við gagnaöflun að í raun er ekki til mikið af gögnum varðandi hatursglæpi og er það vegna þess að skráning hefur ekki verið tilgreind sérstaklega fyrir málaflokkinn. Í upplýsingum frá ríkislögreglustjóra var skýrt frá því að erfitt væri að birta tölur frá því fyrir 2018 þar sem þær tölur væru ekki samanburðarhæfar því öflun gagna var ekki sem skyldi. Það er ekki fyrir en

2018 sem lögregluembættin fara að skrá þennan málaflokk sérstaklega eftir fyrirmælum frá ÖSE. Upplýsingar um málin varðandi hatursglæpi eru sendar inn árlega til ÖSE og þar má sjá töflu yfir fjölda og hvernig glæpir þetta eru, hvort um er að ræða líkamsárásir, skemmdarverk eða hatursorðræðu. Þar er einnig tekið fram að hverjum eða hvaða hópum glæpurinn beinist og hvers konar fordómar lágu að baki árásinni. Öll aðildarlönd ÖSE senda árlega inn upplýsingar um hatursglæpi (OSCE, e.d.).

Tafla 1. Hatursorðræða

Hatursorðræða	2015	2016	2017	2018	2019
LRH	10	24	14	3	9
Norðurland eystra	0	0	1	1	1
Suðurnes	1	0	0	0	0
Vestmannaeyjar	0	0	1	0	0
Vesturland	0	0	0	0	1

Eins og sjá má á töflunni hér að ofan hafa komið inn á borð til lögreglu mál er varða greinar 233 a (haturstjáning) og 180. grein almennra hegningarlaga (mismunun) til fimm embætta á landsvísu frá árinu 2015. Ekki fengust upplýsingar um hvers eðlis brotin voru eða gegn hverjum. Hér eru einungis fimm embætti sem eru með skráð mál og aðeins lögreglan á höfuðborgarsvæðinu (LRH) sem hefur fleiri en eitt mál til skoðunar á hverjum tíma. Það er jafnframt áberandi fall á skráningum hjá LRH eftir árið 2017. Möguleg skýring á því gæti verið að verkefni hatursglæpa deildarinnar voru færð inn í aðra deild, eins og fram hefur komið, og að málaflokkurinn hafi ekki haft þann fókus sem hann hafði haft áður. Hér má einnig nefna að þessi málaflokkur er ólíkur mörgum öðrum því í raun þyrfti lögreglan að sækja þessi mál, því eins og kemur fram hér að framan, rata þessi mál ekki inn á borð hjá þeim (Giannasi, P., 2018; Iganski, P., Lagou, S., 2014).

Þær tölur sem koma fram 2018 og 2019 og eru unnar með nýjum vinnuaðferðum samkvæmt ríkislögregluembættinu sýna mál sem merkt eru sem hugsanlegir hatursglæpir. Mál sem geta

verið skráð sem hugsanlegir hatursglæpir eru mál sem gætu fallið undir aðrar lagagreinar en 223 a og grein 180, almennra hegningarlaga. Þetta gætu þá verið mál eins og líkamsárásir eða skemmdarverk. Jafnframt getur málið verið þess eðlis að erfitt er að sjá í fyrstu hvort um hatursglæp er að ræða.

Tafla 2. Hugsanlegir hatursglæpir

Hugsanlegir hatursglæpir	2018	2019
LRH	7	17
Norðurland eystra	2	
Suðurnes		1

Þessi tafla kom frá ríkislögreglustjóra en var síðan leiðrétt af embætti lögreglunnar á Norðurlandi eystra, því þar voru 3 mál til rannsóknar sem hatursglæpir 2018–2019. Þetta voru allt líkamsárásir. Ein minniháttar sem var rannsökuð sem hatursglæpur vegna þjóðernis. Annað málið var meiriháttar líkamsárás og var rannsakað sem hatursglæpur vegna kynhneigðar. Þriðja málið varðaði ungmenni sem voru ósakhæf og fór það mál til barnaverndar. Þannig að það eru 3 mál í stað tveggja í töflunni hér að ofan hjá Norðurlandi eystra. Þá má nefna að tilkynningar sem rötuðu til lögreglu voru þrjár 2017 en þær urðu ekki að sakamálum. Athyglisvert er jafnframt að í tölum frá ríkislögreglustjóra sem birtar eru á yfirlitssíðu ODIHR um hatursglæpi (OSCE, e.d.) kemur fram að á árinu 2018 hafi sjö hatursglæpamál verið tilkynnt til lögreglu og af þeim væru fjórar líkamsárásir og eitt skemmdaverk. Þetta ósamræmi gefur í skyn að enn er vinnulagi í kringum skráningar ábótavant.

Ofangreind tölfraedi gefur í skyn að haturstjani, mismunun og hatursglæpir koma til skoðunar lögreglu. Ekki kemur þó fram hvort málin hafi komið inn að frumkvæði lögreglu eða hvort þau hafi verið tilkynnt. Jafnframt gefur tölfraedin í skyn að mesti fjöldi mála komi inn á borð LRH, og þá sé málaflokknum sinnt sérstaklega.

5.3 Ásetningur mála

Ásetningur mála er jafnframt skráður hjá lögreglu þ.e. eðli ásetnings og hægt er að sjá tölur um það frá 2018 og 2019. Það er í samræmi við skráningar hjá ÖSE og það auðveldar yfirlit og hjálpar til við að sjá hvernig hatursglæpir eru að þróast í samfélaginu. Eins og áður hefur komið fram eru vernduð einkenni í íslenskum lögum; þjóðernislegur uppruni, trúarbrögð, kynþáttur, kynhneigð og kynvitund og ætti þannig tölfraedi hatursglæpa að endurspegla þá vernd. Hafa verður samt í huga að hatursglæpum getur verið beint að öðru, eins og fötlun, líkamsþyngd og kyni, en slíkt hefur ekki vernd í lögum. Tölurnar sem koma frá embætti ríkislögreglustjóra gera ekki grein fyrir í hvaða embættum málin koma fyrir.

Tafla 3. Fjöldi brota, eðli ásetnings

Fjöldi brota - Eðli ásetnings	2018	2019
Trúarbrögð - Gegn múslimum		3
Kynvitund	1	2
Þjóðernislegur uppruni	5	4
Trúarbrögð - annað	1	1
Kynhneigð	2	1
Annað		6
Trúarbrögð - gegn gyðingum		1

Miðað við þessar töflur er fjöldi hatursglæpa 18 talsins árið 2019 og níu árið 2018. Tölfraedin um eðli ásetnings sýnir að algengast sé að hatursglæpum sé beint að þjóðernislegum uppruna og „öðru“, sem þó er ekki skilgreint sérstaklega af embætti ríkislögreglustjóra. Þá eru hatursglæpir gegn múslimum þriðja algengasta. Nýlega féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli nr. S-86/2019 um hatursglæp gegn múslima. Fyrir hafa fallið dómar, þar á meðal hæstaréttardómar, um hatursglæpi og haturstjáníngu gegn múslimum, kynhneigð og kynþætti.

5.4 Viðhorf innan embætta

Þegar spurt var hvort umdæmin teldu hatursglæpi vandamál í sínum umdæmum, voru svörin á þá leið að hatursglæpir væru ekki vandamál. Líklegast má telja að lögreglunni þyki hatursglæpir ekki vera vandamál vegna fárra slíkra mála sem koma inn á borð til lögreglu. Það er áhugavert í ljósi fyrrgreindra heimilda sem meðal annars vísa til þess að fá mál séu tilkynnt og því þurfi lögreglan í raun að vinna mikla frumkvæðisvinnu í þessum málum. Í Bretlandi hefur til dæmis verið farið í aðgerðir til að fá fram fleiri tilkynningar með aðkomu félagasamtaka og hafa tilkynningar aukist til muna (Giannasi, P., 2018). Ekkert slíkt er til staðar hér í samstarfi við lögreglu en þó má geta að Samtökin 78 bjóða upp á rafræna skráningu ef félagsmenn telja á sér brotið með þessum hætti. Slíkt er hins vegar ekki gert hérlendis að miklu leyti. Tölfræði sem sýnir mikla fjölgun mála á þeim tíma sem sérstakur lögreglumaður sinnti málaflokknum styður það.

5.5 Þekking lögreglumanna á hatursglæpum

Í svörum LRH um menntun lögreglumanna embættisins í málaflokknum var bent á að þekking eða öllu heldur þekkingarleysi væri akkilesarhællinn í þessum málaflokki. Í svörum annarra embætta var að finna sambærilegan tón og voru þau sammála því að það gæti verið þekkingarleysi hjá lögreglunni sem veldur því að erfitt er að greina þessa glæpi. Einnig kom fram að þessi mál væru dulin og rötuðu ekki sjálfkrafa til lögreglu. Miðað við samsetningu í sumum bæjarfélögum hér á landi þar sem há prósentu bæjarbúa eru innflytjendur og/eða farandverkamenn þá mætti ætla að fleiri glæpir væru framdir í samfélaginu ef miðað er við það sem sjá má í rannsóknum annars staðar. Þannig má búast við því að það séu fleiri hatursglæpir í samfélaginu en þessar tölur gefa til kynna hér að ofan. Slíkt samræmdist einnig erlendum

rannsóknnum þar sem fjallað hefur verið um duldar tölur í málaflökknum (Giannasi, P., 2018). Þessa glæpi er erfitt að sjá og það er talað um að lögregla sjái helst „sterió-týpu“ eða staðalmynd hatursglæpa þar sem kynþáttur á hlut að máli eða yfirlýstir hatursþópar eru gerendur. Oftast eru það ofbeldismál sem koma inn á borð til lögreglu en skemmdarverk og hatursorðræða minna. Erfitt er fyrir lögreglu að sjá og fá réttar upplýsingar frá brotaþolum og vitnum. Því er þjálfun og þekking starfsfólks lögreglu mikilvæg. Það er einnig erfitt þegar brotaþolar treysta sér ekki til lögreglu því þeir búast ekki við skilningi á aðstæðum sínum. Oft er því þannig farið að ekki er kært og leitað er til félagasamtaka frekar en til lögreglu (Iganski, P., Lagou, S., 2015). Það getur líka verið að brotaþolar þekki hreinlega ekki rétt sinn og er það þá lögreglu að reyna að koma upplýsingum til viðkvæmra hópa í samfélaginu og tryggja það að málinu sé sýndur skilningur (Lantz, B. S., Gladfelter, A. B., & Ruback, R., 2017).

5.6 Menntun og fræðsla lögreglumanna um hatursglæpi

Varðandi menntun lögreglu og vitneskju þeirra um hatursglæpi kemur fram í svörum frá embættum að það er heilt yfir ekki mikil vitneskja um þessi mál. Þó að lögreglumenn séu hvattir til þess að sækja námskeið og endurmennta sig, þá eru hatursglæpanámskeið ekki vinsælust eins og fram kom í einu svaranna við spurningu varðandi nám lögreglunnar. Samt sem áður kom fram að einhverjir höfðu sótt námskeið til Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu og Háskólans á Akureyri. Þeir sem hafa klárað háskólanámið á Akureyri hafa tekið námskeið í fjölmenningu, þar sem m.a. er fjallað um hatursglæpi, og það telur þá alla útskrifaða frá árinu 2017.

Þegar upplýsingar frá lögreglu voru skoðaðar varðandi nám og viðhorf til hatursglæpa lá beint við að hafa samband við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu (MSL). Það var einnig gert í ljósi þess að í nýjustu löggæsluáætluninni fyrir tímabilið 2019–2023 er gert ráð fyrir mati á

menntunarbörf lögreglu (Dómsmálaráðuneytið, 2019). MSL kvað að í framhaldi af undirritun samnings ríkislögreglustjóra og ÖSE/ODIHR 2017, um fræðslu starfsfólks lögreglu um hatursglæpi, hafi níu lögreglumenn sótt námskeiðið *Train the Trainers* á vegum ODIHR. Til stendur að hafa upprifjunarnámskeið fyrir þessa aðila í janúar 2022 og stefnt er að því að þeir geti þá miðlað af reynslu sinni. Einnig verður lögð áhersla á námsefni sem ÖSE hefur sett saman fyrir lögregluembætti víðs vegar í heiminum, *Training Against Hate Crimes for Law Enforcement* (THACLE). Ætlun MSL er að fá áheyrn lögreglustjóra allra embættanna næsta haust, til þess að gera námsefnið THACLE að lið í fræðslu- og starfsdögum embættanna. THACLE gengur út á þjálfun lögreglu til þess að þekkja, skilja og rannsaka hatursglæpi. Einnig á það að efla hæfni lögreglu í að koma í veg fyrir brot og bregðast við brotum. Hún á að geta átt uppbyggileg samskipti við minnihlutahópa í samfélaginu og byggja upp trúnað með samvinnu þessara hópa og lögreglu (OSCE, 2012). MSL mun framkvæma þarfagreiningu haustið 2020 á fræðsluþörf fyrir starfsfólk lögreglu. Þar verður spurt um áhuga og þörf á fræðslu um hatursglæpi meðal annars. Það er þó ekki tengt því mati á menntunarbörf sem nefnt er í síðustu löggæsluáætluninni frá dómamálaráðuneytinu.

MSL var sett á laggirnar haustið 2016 og hefur síðan þá verið með hatursglæpanámskeið á hverju ári ásamt öðrum námskeiðum. Námskeiðin hafa verið miðuð að öllu starfsfólki lögreglu og hafa um 20–25 manns sótt námskeiðin fram að þessu. MSL telur mjög mikilvægt að uppræða lögreglu um hatursglæpi. Því lögregla þarf að þekkja einkenni málaflokksins til þess að getað skráð þá glæpi rétt í LÖKE en það er skráningarkerfi lögreglu. Það er því til mikils að vinna að rétt vinnubrögð séu viðhöfð og að koma fræðslu til fleiri embætta. Því eins og Soffía Waag Árnadóttir sérfræðingur hjá MSL segir „þá er umhverfi okkar að breytast á ógnarhraða og einkenni hatursglæpa breytast samfara því og mikilvægt að fylgja eftir þeim breytingum.“

6 Lokaorð

Hatursglæpir eiga sér stað á Íslandi líkt og annars staðar í heiminum. Það sýnir sig í þeim málum sem rata inn á borð til lögreglu og þeirri umfjöllun sem sjá má í fjölmiðlum. Engan ætti að undra að þróunin hafi verið slík með tilliti til þess að fjölbreytni samfélagsins verður sífellt meiri og á sama tíma hafa öfgaöfl sem tala gegn minnihlutahópum styrkst. Í dag er erfitt að gera sér grein fyrir fjölda og birtingarmynd hatursglæpa hérlandis. Þegar skoðuð er tölufraði hatursglæpa hjá lögreglu er óvíst að það gefi rétta mynd. Fyrir því geta verið nokkrar samverkandi ástæður. Í fyrsta lagi er ljóst samkvæmt upplýsingum frá lögreglu að kunnátta lögreglumanna til þess að þekkja glæpina er ekki nægjanlega góð, þá hefur skráningum verið ábótavant og í þriðja lagi hefur sýnt sig, að til þess að sjá aukningu hatursglæpamála hjá lögreglu, þarf að vera samhengi í skráningum og áherslu embætta á málaflokkinn. Til dæmis sést skýr aukning á málum sem koma til lögreglu á þeim tíma sem sérstakur lögreglumaður starfaði við málaflokkinn.

Til að fá nákvæma tölur um fjölda hatursglæpa hérlandis þyrfti að leita víðar, t.d. fá tölur og tilkynningar frá sjúkrahúsum, tryggingafélögum og öðrum þeim stofnunum sem fólk leitar til frekar en lögreglu. Með því væri hægt að skoða hve mikið af glæpum eru duldir hér á landi.

Þó að gögn hafi verið af skornum skammti og hatursglæpir ekki í forgangi hjá lögreglu þá er þróun þeirra mála mjög jákvæð. Það er traustvekjandi að vita að það sé verið að taka þennan málaflokk fastari tókum hjá lögreglu. Það undirstrikar alvarleika þessa mála að sérstaklega sé tilgreint að meta þurfi menntunarpörf lögreglumanna í nýjustu löggæsluáætlun dómsmálaráðuneytisins. Þá hefur embætti ríkislögreglustjóra einsett sér að skráningar á slíkum málum sé eftir aðferðarfræði sem ÖSE og ODHIR mæla með. MSL hefur í hyggju námsþarfagreiningu þar sem hatursglæpir eru hluti af náminu og er skilningur þar innanhúss á

Þörfinni. Heilt yfir var þessu verkefni mætt með mikill velvild og er það vonandi vísir á að þessi málaflokkur muni fá þá athygli sem hann þarf.

Heimildaskrá

- Adeel Hassan. (2019). „Hate-Crime Violence Hits 16-Year High“ *The New York Times*. 12. Nóvember 2019. Sótt af <https://www.nytimes.com/2019/11/12/us/hate-crimes-fbi-report.html>
- Alaburić, V. (2018). Legal concept of hate speech and jurisprudence of the european court of human rights. *Politička Misao : Časopis Za Politologiju*, 55(4), 230-252. doi:10.20901/pm.55.4.09
- Almenn hegningarlög nr. 19/1940
- Alþingi. (1968). Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/150a/1968014.2c2.html>
- Arngrímur Vídalín. (2017). „Trölfi sýnist mér það líkara:“ Um frumrásíska jaðarsetningu blámana. Sótt af <https://hi.academia.edu/Arngr%C3%ADmurV%C3%ADdal%C3%ADn>
- Benier, K. (2017). „The harms of hate: Comparing the neighbouring practices and interactions of hate crime victims, non-hate crime victims and non-victims“. *International Review of Victimology*, 23(2), 179-201. doi:10.1177/0269758017693087
- Bjartmar Oddur. (2019). „Hrópaði á konurnar að þær ættu ekki heima á Íslandi - lögreglan rannsakar málið sem hatursglæp“ *Hringbraut*, 16. júlí 2019. Sótt af <https://www.hringbraut.is/frettir/hropadi-a-konurnar-ad-thaer-aettu-ekki-heima-a-islandi-logreglan-rannsakar-malid-sem-hatursglap>
- Brynjólfur Þór Guðmundsson. (2019). „Vilja þrengja lög um hatursáróður“. *RUV*, 8. febrúar 2019. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/vilja-threngja-log-um-hatursarodur>
- Chakraborti, N. (2012). „Introduction: Hate crime victimization“. *International Review of Victimology*, 18(1), 3-6. doi:10.1177/0269758011422162
- Chakraborti, N., Garland, J. (2012). „Reconceptualizing hate crime victimization through the lens of vulnerability and ‘difference’“. *Theoretical Criminology*, 16(4), 499-514. doi:10.1177/1362480612439432
- Chiwaya, N. (2020). „It’s not just new york: Anti-jewish attacks are part of a wave of 'more violent' hate crimes“. *NBC News*, 3. janúar 2020. Sótt af <https://www.nbcnews.com/news/us-news/anti-semitic-attacks-more-violent-hate-crimes-new-york-n1110036>
- Costello, K., Hodson, G. (2010). „Exploring the roots of dehumanization: The role of animal—human similarity in promoting immigrant humanization“. *Group Processes & Intergroup Relations*, 13(1), 3-22. doi:10.1177/1368430209347725
- Dagbók lögreglunnar. (2019). „Málið rannsakað sem hatursglæpur“. Sótt af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/12/28/malid_rannsakaad_sem_hatursglapaur/

- Dominguez, V. R., Metzner, E. (2017). „Special Section on Nativism, Nationalism, and Xenophobia: What Anthropologists Do and Have Done“. *American Anthropologist*, 119(3), 518-519. doi:10.1111/aman.12914
- Dómsmálaráðuneytið. (2016). „Lögreglumenn og ákærendur fá þjálfun vegna hatursglæpa“. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2017/05/02/Logreglumenn-og-akaerendur-fa-thjalfun-vegna-hatursglaepa/>
- Dómsmálaráðuneytið. (2019). „Löggæsluáætlun 2019 til 2023“. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/05/07/Loggaesluaaetlun-2019-til-2023/>
- ECRI. (2017). *ECRI report on Iceland*. Strassborg: Evrópuráðið.
- ECRI. (2020). „Germany: Anti-racism report recommends ways of improving fight against hate crime“. *Council of Europe Newsroom*, 17. mars 2020. Sótt af https://www.coe.int/en/web/portal/full-news/-/asset_publisher/5X8kX9ePN6CH/content/germany-anti-racism-report-recommends-ways-to-improve-fight-against-hate-crime
- Eiríkur Bergmann. (2017). „Við og hinir: Þjóðernispopúlismi á Norðurlöndum“, *Skírnir* 191(vor), 138165
- Entwicklungspolitik, D. I. f. (2019). „Populism: Consequences for global sustainable development“. *D.I.E.* án dags. Sótt af <https://www.die-gdi.de/en/briefing-paper/article/populism-consequences-for-global-sustainable-development/>
- The European Convention. (1950). The convention in 1950. Sótt af <https://www.coe.int/en/web/human-rights-convention/the-convention-in-1950>
- Evrópuráð. (1997). Recommendation no. R (97) 20 of the committee of ministers to member states on “hate speech”. Sótt af https://www.coe.int/en/web/freedom-expression/committee-of-ministers-adopted-texts/-/asset_publisher/aDXmrol0vvsU/content/recommendation-no-r-97-20-of-the-committee-of-ministers-to-member-states-on-hate-speech-?_101_INSTANCE_aDXmrol0vvsU_viewMode=view&_101_INSTANCE_aDXmrol0vvsU_viewMode=view
- Eyrún Eyþórsdóttir, Kristín Loftsdóttir. (2019). „Let’s stone this trash: Hate speech in icelandic context“. *Icelandic Review of Politics & Administration*, 15(2), 255-276. doi:10.13177/irpa.a.2019.15.2.6
- FBI (2017). „Hate crime statistics 2018“. *U.S. Department of Justice*. Sótt af <https://ucr.fbi.gov/hatecrime/2018>
- Freyr Rögnvaldsson, Jóhann Páll Jóhannsson (2019) „Nýnasistar koma saman á Lækjartorgi“. *Stundin*, 5. september. Sótt af slóðinni: <https://stundin.is/grein/9597/nynasistar-koma-saman-laekjartorgi/>

- Gestenfeld, P. (2018) *Hate Crimes. Causes, controls, and controversies*. 4. útg. Thousand Oaks: Sage Publication
- Giannasi, P. (2018) „Policing and hate crime“. Í Hall, N., Corb, A., Giannasi, P. og Grieve, J. (Ritstj.) *The Routledge International Handbook on Hate Crime*. New York: Routledge.
- Gísi Gunnarsson. (2000). „Eru til nákvæmar tölur yfir hvað Hitler drap marga til samans?“ *Vísindavefurinn*, 12. september 2000. Sótt af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=894>
- Guðmundur Rúnar Guðmundsson. (2019). „Jafnvel hatursglæpur“. *MBL*, 31. maí 2019. Sótt af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/05/31/jafnvel_hatursglæpur/
- Gunnar Egill Daníelsson. (2019). *Hatursglæpir staðreynd á Íslandi. Hringbraut*, 4. febrúar 2019. Sótt af <https://www.hringbraut.is/frettir/hatursglæpir-stadreynd-a-islandi>
- Hall, N., Corb A., Giannasi, P., Grieve, J.G.D. (2018). „Introduction“. Í Hall, N., Corb, A., Giannasi, P. og Grieve, J. (ritstj) *The Routledge International Handbook on Hate Crime*. New York: Routledge.
- Iganski, P., Lagou, S. (2018). „The personal injuries of “hate crime.”“ In Nathan. Hall, Abee. Corb, Paul. Giannasi, and John. G. D. Grieve (Eds.), *The Routledge international handbook on hate crime* (pp. 34-46). London; New York: Routledge.
- Iganski, P., Lagou, S. (2015). „Hate crimes hurt some more than others: Implications for the just sentencing of offender“s. *Journal of Interpersonal Violence*, 30(10), 1696-1718. doi:10.1177/0886260514548584
- Jorquera, N. (2020). „Hate crimes are rising - but how hate is spreading is changing“. *ITV*, 2. mars 2020. Sótt af <https://www.itv.com/news/search?q=article+hate+crime/>
- Jón Þór Kristjánsson. (2019). „Lítið rætt um afleiðingar haturstjningar“. *RUV*. 14. febrúar 2019. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/litid-raett-um-afleidingar-haturstjaningar>
- Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, Luliana Kalenikova (2013). *Hatursorðræða. Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar*. Reykjavík: Mannréttindaskrifstofa Íslands.
- Kristjana Björg Guðbrandsdóttir, Ólöf Skaftadóttir. (2015). „Lögreglan setur mannskap í að verjast hatursglæpum á Íslandi“. *Vísir*, 7. nóvember 2015. Sótt af <https://www.visir.is/g/2015151109114>
- Kristín Ýr Gunnarsdóttir. (2019). „Telur hatursglæpum hafa fjölgað hér á landi“. *Vísir*, 23. apríl 2019. Sótt af <https://www.visir.is/g/2019190429648>
- Lantz, B. S., Gladfelter, A. B., & Ruback, R. (2017). „Stereotypical hate crimes and criminal justice processing: A multi-dataset comparison of bias crime arrest patterns by offender and victim race“. *Justice Quarterly*, 36(2), 1-32.
- Lög um Mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu. (2020). *Mánaðarskýrsla LRH - janúar 2020*. Sótt af https://issuu.com/logreglan/docs/lykiltolur_2020_jan_ar

- Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna. (1948). Mannréttindayfirlýsing sameinuðu þjóðanna. Sótt af <http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/helstu-samningar-og-yfirlysingar/sameinudu-thjodirnar/mannrettindayfirlysing-sameinudu-thjodanna>
- Mellgren, C., Andersson, M. og Ivert, A. (2017). „For whom does hate crime hurt more? A comparison of consequences of victimization across motives and crime types“. *Journal of Interpersonal Violence*, 0886260517746131. doi:10.1177/0886260517746131
- Nadine Guðrún Yaghi. (2017). „Fimmtíu hatursglæpir til rannsóknar á tveimur árum: „Þetta er gríðarleg aukning““. *Vísir*, 5. Október 2017. Sótt af <https://www.visir.is/g/2017171009363>
- Naidoo, K. (2016). „The origins of hate-crime laws“. *Fundamina*, 22(1), 53-66. doi:10.17159/2411-7870/2016/v22n1a4
- OSCE. (2012). *Training against hate crimes for law enforcement (TAHCLE): Programme description*. Sótt af <https://www.osce.org/odihr/tahcle>
- OSCE. (e.d.). *Hate Crime Reporting 2018*. Sótt af <https://hatecrime.osce.org/iceland>
- ODIHR. (2018). *Capacity building efforts: Training police*. Sótt af <https://hatecrime.osce.org/odihrs-capacity-building-efforts>
- ODIHR. (2019). „Hate crime victims disadvantaged by gaps between hate crime legislation and implementation“. *OSCE newsroom*, 15. nóvember 2019. Warsaw: OSCE/ODIHR. Sótt af <https://www.osce.org/odihr/439127>
- Pappas, C., Mendez, J. og Herrick, R. (2009). „The negative effects of populism on gay and lesbian rights“. *Social Science Quarterly (Wiley-Blackwell)*, 90(1), 150-163. doi:10.1111/j.1540-6237.2009.00608.x
- Perry, B. (2003) *Hate and Bias Crime: A Reader*. New York: Routledge
- Perry, B. (2005). „A crime by any other name: The semantics of hate“. *Journal of Hate Studies*, 4(1), 121-137. doi:10.33972/jhs.35
- Perry, B. (2018). „Exploring the community impacts of hate crime“, í N. Hall ofl. (ritstj.), *The Routledge International Handbook on Hate Crime* (bls. 47-58). Abingdon: Routledge
- Pezzella, Frank. S., Fetzer, Matthew. D. (2015). „The likelihood of injury among bias crimes“. *Journal of Interpersonal Violence*, Sótt af <https://journals.sagepub.com/doi/10.1177/0886260515586374>
- Ritstjórn. (2019). „Líkamsárás í Árbæ hugsanlega hatursglæpur“. *Fréttablaðið*, 31. maí 2019. Sótt af <https://www.frettabladid.is/frettir/likamsaras-i-arbae-hugsanlega-hatursglæpur/>
- Ritstjórn. (2020). „Íslenskur strákur segir asíska konu vera kórónuveiruna: „Mig langar að gráta““. *Stundin*, 17. apríl 2020. Sótt af <https://stundin.is/grein/11010/>
- Rosa, A. D. (2019). „Performative hate speech acts. perlocutionary and illocutionary understandings in international human rights law“. *The Age of Human Rights Journal*, (12), 105-132. doi:10.17561/tahrj.n12.6

- Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (1945). Stjórnarráðið | sáttmáli hinna sameinuðu þjóða og samþykktir milliríkjadómsins. Sótt af <https://www.stjornarradid.is:443/verkefni/utanrikismal/althjodamal/um-althjodastofnanir/sattmali-sth/>
- Smith, D. L. (2011). *Less Than Human: Why We Demean, Enslave and Exterminate Others*. New York:St. Martins's Press.
- Stofnun Árna Magnússonar. (e.d.). Sótt af <https://idordabanki.arnastofnun.is/leit/talf%C3%B3gin>
- UK Home Office. (2019). *Hate crime, england and Wales, 2018- 2019*. Sótt af <https://www.gov.uk/government/statistics/hate-crime-england-and-wales-2018-to-2019>
- Zunes, S. (2017). „Europe's refugee crisis, terrorism, and islamophobia“. *Peace Review*, 29(1), 1-6. doi:10.1080/10402659.2017.1272275
- Þingskjal nr. 543. (2019). Umsögn 4757. Sótt af <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/erindi/?ltg=149&mnr=543>
- Þingskjal nr. 858. (2018-2019). 858/149 skýrsla n. (frumskjal): ÖSE-þingið 2018. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/149/s/0858.html>
- Ævar Örn Jósepsson. (2019). „Rannsaka mögulegan hatursglæp í Reykjavík“. *RÚV*, 16. júlí 2019. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/rannsaka-mogulegan-hatursglaep-i-reykjavik>
- ÖSE. (2009). *Hate Crime Laws: A Practical Guide*. Sótt af <https://www.osce.org/odihr/36426?download=true>

Dómar

Héraðsdómur Reykjavíkur nr. S-86/2019

Viðaukar

Viðauki 1.

Spurningalisti sem var sendur til ríkislögreglustjóraembættisins.

Spurningar varðandi skráningu og umfang hatursglæpa.

1. Í þínu embætti hvað hafa verið skráð mörg mál er varða grein 233 a, almennrar hegningarlaga nr. 19/1940? Síðustu 5 ár (tilgreint fyrir hvert ár). Glæpi sem varða eftirfarandi:
 - a. Þjóðerni
 - b. Trú
 - c. Litarhætti
 - d. Kynhneigð
 - e. Kynvitund
2. Í þínu embætti hvað hafa mörg mál verið skráð er varða grein 180 a almennra hegningarlaga? Síðustu 5 ár (tilgreint fyrir hver ár).
Mál sem varða eftirfarandi:
 - a. Þjóðerni
 - b. Trú
 - c. Litarhætti
 - d. Kynhneigð
 - e. Kynvitund
3. Í þínu embætti hvað hafa verið skráð mörg mál, sem tilkynnt hafa verið sem hugsanlegur hatursglæpur? Síðustu 5 ár (tilgreint fyrir hver ár).
4. Teljið þið hatursglæpi vera vandamál í ykkar umdæmi?
 - a. Ef nei, hvers vegna ekki?
 - b. Ef já, hver er helsta birtingarmynd þess?
5. Hvaða þekkingu hafa starfsmenn embættisins varðandi hatursglæpi?
6. Hefur verið lögð áhersla á að mennta ykkar lögreglumenn á þessu sviði?
7. Ef svar við spurningu 6 er játandi þá spyr ég, hvar hefur sú menntun farið fram og með hvaða sniði?

Viðauki 2.

Spurningalisti sem var sendur til allra lögregluembætta landsins.

Spurningar varðandi umfang hatursglæpa.

1. Teljið þið hatursglæpi vera vandamál í ykkar umdæmi?
 - a. Ef nei, hvers vegna ekki?
 - b. Ef já, hver er helsta birtingarmynd þess?
2. Hvaða þekkingu hafa starfsmenn embættisins varðandi hatursglæpi?
3. Hefur verið lögð áhersla á að mennta ykkar lögreglumenn á þessu sviði?
4. Ef svar við spurningu 3 er játandi þá spyr ég, hvar hefur sú menntun farið fram og með hvaða sniði?

Viðauki 3.

Spurningalisti sendur til Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar.

MSL spurningar varðandi námskeið í greiningu hatursglæpa eða öðru því tengdu.

1. Hefur MSL einhverjum skyldum að gegna varðandi kennslu og fræðslu í málaflokknum?
 - a. Ef svarið er já, frá hverjum kemur sú skylda?
2. Telur MSL þörf á slíkum námskeiðum?
 - a. Ef já, af hverju?
 - b. Ef nei, af hverju?
3. Hversu mörg námskeið hefur MSL verið með um hatursglæpi fyrir lögreglumenn frá 2015?
 - a. Hvaða námskeið voru það?
 - b. Hver var fjöldi þátttakenda?
4. Við hverja hafa námskeiðin verið miðuð, stjórnendur, rannsóknarmenn eða almenna deild?
5. Telur MSL þörf á hatursglæpa námskeiðum?
6. Er áhugi hjá lögreglu að taka hatursglæpa námskeið?
 - a. Ef já, hvernig?
 - b. Ef nei, af hverju heldur þú/þið að það sé?
7. Nú kemur fram í nýjustu löggæsluáætlun að meta eigi menntunarþörf lögreglumanna í málaflokknum á tímabilinu 2019 – 2023. Verður MSL með í því að meta þá menntunarþörf? Hefur það mat farið fram?